

# Handbók um umferðarmerki

## Boðmerki Flokkur 400

Útgefandi Vegagerðin

Mars 2025



## Efnisyfirlit

|                                     |    |
|-------------------------------------|----|
| Yfirlit yfir boðmerki .....         | 3  |
| Almennar reglur um boðmerki .....   | 4  |
| Málsetning og götun boðmerkja ..... | 5  |
| Gerðir boðmerkja .....              | 6  |
| 402. Akstursstefnumerki .....       | 6  |
| 404. Akbrautarmerki .....           | 7  |
| 405. Akbrautarmerki .....           | 8  |
| 406 Hringtorg .....                 | 9  |
| 410 Hjólastígur .....               | 9  |
| 412 Göngustígur .....               | 10 |
| 414 Reiðstígur .....                | 10 |
| 416 Sameiginlegur stígur .....      | 11 |
| 418 Aðgreindir stígar .....         | 11 |
| 455 Lágmarkshraði .....             | 12 |

## Yfirlit yfir boðmerki

|                                                                                     |                                                                                     |                                                                                     |                                                                                      |                                                                                       |
|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|
|    |    |    |    |    |
| 402.1<br>Akstursstefnumerki                                                         | 402.2<br>Akstursstefnumerki                                                         | 402.3<br>Akstursstefnumerki                                                         | 402.4<br>Akstursstefnumerki                                                          | 402.5<br>Akstursstefnumerki                                                           |
|    |    |    |    |    |
| 402.6<br>Akstursstefnumerk                                                          | 402.7<br>Akstursstefnumerki                                                         | 402.8<br>Akstursstefnumerki                                                         | 402.9<br>Akstursstefnumerki                                                          | 404.1<br>Akbrautarmarki                                                               |
|   |   |   |   |   |
| 404.2<br>Akbrautarmarki                                                             | 405<br>Akbrautarmarki                                                               | 406<br>Hringtorg                                                                    | 410<br>Hjólastígur                                                                   | 412<br>Göngustígur                                                                    |
|  |  |  |  |  |
| 414<br>Reiðstígur                                                                   | 416.1<br>Sameiginlegur stígur                                                       | 416.2<br>Sameiginlegur stígur                                                       | 418.1<br>Aðgreindir stígar                                                           | 418.2<br>Aðgreindir stígar                                                            |
|  |  |  |  |  |
| 418.3<br>Aðgreindir stígar                                                          | 418.4<br>Aðgreindir stígar                                                          | 418.5<br>Aðgreindir stígar                                                          | 418.6<br>Aðgreindir stígar                                                           | 455<br>Lágmarkshraði                                                                  |

# Almennar reglur um boðmerki

## Reglugerð um umferðarmerki:

Boðmerki mæla með bindandi hætti fyrir um tiltekna háttsemi eða fyrirkomulag umferðar. Fyrirmæli um umferð gilda frá þeim stað sem boðmerki stendur að næstu vegamótum nema annað sé sérstaklega tekið fram á undirmerki eða í ákvæðum um einstök merki..

**Annað:** Boðmerki skal vera hringlaga með hvítum jaðri og hvítu tákni á bláum fleti.

## Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota undirmerki til að skýra, takmarka eða veita undanþágur frá boðmerki.


Stærð boðmerkja skal vera sem hér segir:

| Gerð       | Þvermál (mm) | Breidd jaðars (mm) |
|------------|--------------|--------------------|
|            | D            | a                  |
| Mjög lítil | 300          | 12,5               |
| Lítil      | 500          | 20,8               |
| Venjuleg   | 600          | 25                 |
| Stærri     | 800          | 33,3               |

Á þjóðvegum utan þéttbýlis með árdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stærri gerð merkja.


Á þjóðvegum innan þéttbýlis þar sem leyfður umferðarhraði er 60 km/klst eða hærri skal nota stærri gerð merkja.

Lítil og mjög lítil merki skal eingöngu nota þar sem ekki er hægt að nota venjuleg merki vegna þrengsla. Eingöngu er heimilt að nota mjög lítil merki við umferðarljós og á umferðareyjum.



## Málsetning og götun boðmerkja

Götun boðmerkja er sú sama og hjá bannmerkjum. Ekki skal gata boðmerki með filmu báðum megin.



## Gerðir boðmerkja

### 402. Akstursstefnumerki

|                                                                                   |                                                                                   |                                                                                   |                                                                                    |                                                                                     |
|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
|  |  |  |  |  |
| 402.1                                                                             | 402.2                                                                             | 402.3                                                                             | 402.4                                                                              | 402.5                                                                               |
|  |  |  |  |                                                                                     |
| 402.6                                                                             | 402.7                                                                             | 402.8                                                                             | 402.9                                                                              |                                                                                     |

#### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta mælir fyrir um að ökumanni sé skylt að aka í ákveðna akstursstefnu. Ökumanni ber að aka í þá átt sem örin vísar eða í eina af þeim áttum sem örvarnar vísa, séu á merkinu fleiri en ein ör.

#### Vinnureglur um notkun:


Óheimilt er að nota akstursstefnumerki til leiðbeiningar þar sem lega vegar býður ekki upp á aðrar akstursstefnur.

Akstursstefnumerki 402.1 , 402.2  og 402.3  skulu staðsett á þeim stað sem þau taka gildi. Önnur akstursstefnumerki skulu staðsett áður en komið er að þeim stað sem þau taka gildi.

#### Annað:

Heimilt er að nota merkin 402.4  og 402.5  í stað merkjanna 330.1  eða 330.2  ef það er talið æskilegra. Merki 402.1 – 402.3 skulu staðsett fast við eða í gatnamótum eða á þeim stað sem umferð er vísað áfram. Merki 402.4 – 402.9 skulu staðsett í 20 - 30 m fjarlægð áður en komið er að viðkomandi svæði.

## 404. Akbrautarmerki




### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta mælir fyrir um að ökumanni beri að aka á þeirri akbraut eða þeim hluta akbrautar sem merkið vísar á.


### Vinnureglur um notkun:

Óheimilt er að nota akbrautarmerki til að beina umferð á akrein þar sem vænta má umferðar úr gagnstæðri átt.

Dæmi um notkun 404.1 með 906.1 gátskildi í vegkanti.



## 405. Akbrautarmerki



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta mælir fyrir um að ökumanni beri að aka öðru hvorum megin við merkið þar sem vegur greinist í tvennt en kemur aftur saman í framhaldinu.

### Vinnureglur um notkun:


Merkið skal nota til að gefa til kynna að heimilt sé að aka hvoru megin merkisins sem er og að akbrautir komi aftur saman.

Óheimilt er að nota merkið þar sem akbrautir greinast að og koma ekki aftur saman í beinu framhaldi.

Við slíkar aðstæður skal nota merki 912

Óheimilt er að nota merkið til að beina umferð á akrein þar sem vænta má umferðar úr gagnstæðri átt.

Dæmi um notkun 405 með 912.1 gátskildi á vegggreiningu





## 406 Hringtorg

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að ekið sé inn á hringtorg. Örvagnar gefa til kynna akstursstefnu í hringtorginu.

**Vinnureglur um notkun:**

Merkið skal nota áður en komið er að hringtorgi. Merkið skal sett upp á hægri kanti aðliggjandi akreinar, þar sem ein akrein liggur að hringtorginu en beggja vegna aðliggjandi akreina, séu þær tvær eða fleiri.

Með merkinu skal ávallt nota merkið 202 .

## 410 Hjólastígur

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé eingöngu ætlaður umferð reiðhjóla, léttra bifhjóla í flokki I og smáfarartækja<sup>1)</sup>.

**Vinnureglur um notkun:**

Merkið skal nota við stíg eða stíga þar sem þeirri umferð sem tilgreind er á merkinu er ætlað að vera.

Merkið er að jafnaði hægra megin stígs en þó er heimilt að staðsetja það vinstra megin eða á milli stíga ef þörf er á t.d. vegna plássleysis eða ef það er skýrara.

Merkin skulu sett upp við stíg og endurtekin þar sem þörf er á, t.d. við stærri tengingar.

**Annað:**

Merki þetta skal nota við stíga / undirgöng / brýr sem eru eingöngu ætlaðar áðurnefndum vegfarendum.

Gangandi vegfarendum skal vísa á stíga sem þeim er ætlað að nota.

1) Lagabreyting nr. 92/2024 á lögum nr. 77/2019

## 412 Göngustígur

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé aðallega ætlaður umferð gangandi vegfarenda.

**Vinnureglur um notkun:**

Merkið skal nota við stíg eða stíga þar sem þeirri umferð sem tilgreind er á merkinu er ætlað að vera.

Merkið er að jafnaði hægra megin stígs en þó er heimilt að staðsetja það vinstra megin eða á milli stíga ef þörf er á t.d. vegna plássleysis eða ef það er skýrara.

Merkin skulu sett upp við stíg og endurtekin þar sem þörf er á, t.d. við stærri tengingar.

**Annað:**

Merki þetta skal nota við stíga / undirgöng / brýr sem gangandi vegfarendur skulu nota en ekki aðrir.

## 414 Reiðstígur

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé sérstaklega ætlaður fyrir umferð reiðmanna á hestum.

**Vinnureglur um notkun:**

Merkið skal nota við stíg eða stíga þar sem þeirri umferð sem tilgreind er á merkinu er ætlað að vera.

Merkið er að jafnaði hægra megin stígs en þó er heimilt að staðsetja það vinstra megin eða á milli stíga ef þörf er á t.d. vegna plássleysis eða ef það er skýrara.

Merkin skulu sett upp við stíg og endurtekin þar sem þörf er á, t.d. við stærri tengingar.

**Annað:**

Merkið bannar ekki umferð gangandi.

Víða hafa verið gerðir reiðvegir fyrir hestaumferð. Leitast skal við að merkja slíka reiðvegi með þessu merki.

## 416 Sameiginlegur stígur



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að stígur sé eingöngu ætlaður þeirri umferð sem merkið sýnir. Merkið tekur breytingum í samræmi við tegund umferðar. Vegfarendur skulu sýna hver öðrum gagnkvæma tillitssemi.

### Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota við stíg eða stíga þar sem þeirri umferð sem tilgreind er á merkinu er ætlað að vera.


Merkið er að jafnaði hægra megin stígs en þó er heimilt að staðsetja það vinstra megin eða á milli stíga ef þörf er á t.d. vegna plássleysis eða ef það er skýrara.

Merkin skulu sett upp við stíg og endurtekin þar sem þörf er á, t.d. við stærri tengingar.

### Annað:

Merki þetta má nota við stíga / undirgöng / brýr sem gangandi vegfarendur og hjólréiðamenn skulu nota en ekki aðrir.

## 418 Aðgreindir stígar



### Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna tvo samhliða stíga sem aðgreindir eru með yfirborðsmerkingu, hæðarmun, eyju eða öðru sambærilegu. Merkið tekur breytingum í samræmi við tegund umferðar. Staðsetning táknanna á merkinu gefur til kynna hvor stígurinn er ætlaður hvorri tegund umferðar.

### Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota við stíg eða stíga þar sem þeirri umferð sem tilgreind er á merkinu er ætlað að vera.

Merkið er að jafnaði hægra megin stígs en þó er heimilt að staðsetja það vinstra megin eða á milli stíga ef þörf er á t.d. vegna plássleysis eða ef það er skýrara.

Merkin skulu sett upp við stíg og endurtekin þar sem þörf er á, t.d. við stærri tengingar.

## 455 Lágmarkshraði

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta er notað á akreina-merki og gefur til kynna lágmarkshraða á viðkomandi akrein í kílómetrum á klukkustund.

**Vinnureglur um notkun:**

Merkið er eingöngu heimilt að nota á merkinu 500 Akreina-merki, til að gefa til kynna lágsta leyfilega hraða á akrein, einkum á kafla þar sem hægfara umferð á að halda sig á hægri akrein. Við lok kaflans skal sett upp annað akreina-merki án merkisins til að aflétta lágmarkshraða.